



## Br. Sigurðsson, bréf til Launamálanefndar Reykjavíkurkaupstaðar 2. september 1938

---

Bjarni Benediktsson – Br. Sigurðsson, bréf til Launamálanefndar Reykjavíkurkaupstaðar 2. september  
1938

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GASSTÖÐ REYKJAVÍKUR

—  
Pósthólf 123

Talsími 134  
—

Reykjavík 2. sept. 1938.  
Island

Jeg hefi móttengið þjóf yðar dags. 29. f.m.  
til umsagnar.

Umsjónarm. koksafrgreiðslu:

Láðst hefir að tilgreina umsjónarmann koksafrgreiðslu  
(Bj. Sverrisson) í launakerfið. Hann hefir verið í sama  
launaflokki og gasvirkjar, í 7. fl.

Yfirkyndari:-

Yfirkyndari hefir verið einum launaflokki hærri en  
gasvirkjar, en er nú jafnður við gasvirkja. Jeg tel rjett  
að yfirkyndari verði hafður í 6. flokki eftir uppkasti að  
reglum yðar.

Innheimtumenn:-

Innheimtumenn hafa verið í sama launaflokki og  
gasvirkjar, en eru færðir niður um einn flokk eftir upp-  
kastinu.

Kyndarar:-

Kyndarar verða að vinna nætur sem daga, í vakta-  
skiftum, og helgidaga sem virka daga. Þótt kyndarar þurfi  
engra sjermentun, þá verður þá að taka tillit til þess,  
að starfið er bæði óþrifalegt og óheilmæmt. Jeg legg það  
til, að kyndarar verði ekki látnir bera minna úr bítum en  
gasvirkjar. Launakjör gasvirkja nú er samtals kr. 375,00  
á mánuði og kyndara kr. 386,70, og er þá meðtalinn fata-  
styrkur hjá báðum flokkum og helgidagavinna hjá þeim  
síðarnefndu.

Virðingarfylst,

Br. Sigurðsson.  
(sign).

Til launamálanefndar Reykjavíkurkaupstaðar.